

Sp.

286. Þingsályktun

[17. mál]

um undirbúning löggjafar um ríkisábyrgðir

(Afgreidd frá Sp. 26. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að setja raunhæfa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða og samræmdar eftir föngum reglur um það efni. Enn fremur verði kannaðar orsakir vanskila á ríkisábyrgðarlánnum og tillögur gerðar um úrbætur, svo sem við verður komið.